

Nd.

752. Nefndarálit

[178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., sem komið er frá Ed., og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. en undirritaður leggur til að það verði fellt.

Í samræmi við álit nefndar, sem iðnaðarráðuneytið skipaði haustið 1982 og skilaði álit 26. apríl 1983, gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma í Siglufirði og Siglósíldar með sér samkomulag um að Þormóður rammi yfirtæki rekstur lagmetisiðjunnar um eins árs skeið og jafnframt var að því stefnt að fyrirtækin yrðu sameinuð á árinu 1984. Þessi breyting, ásamt aðgerðum til úrbóta hjá Siglósíld, m.a. með rækjuvinnslu og endurskipulagningu á fjármálum og rekstri fyrirtækisins, lofuðu góðu. Inn í þessa þróun var hins vegar gripið í miðjum klíðum með ákvörðun um að rifta samstarfssamningnum og selja fyrirtækið einkaaðilum sem að helmingi eru búsettir utan Siglufjarðar.

Kaupsamningur var undirritaður 17. desember 1983, með gildistöku frá 1. janúar 1984, þ. e. áður en leitað var heimildar Alþingis fyrir sölunni. Nú er Alþingi stillt upp fyrir gerðum hlut. Þetta eru ótæk vinnubrögð og óeðlileg ráðstöfun, þvert ofan í skipulegar aðgerðir sem undirbúnar höfðu verið til að tryggja áframhaldandi rekstur í samvinnu við Þormóð ramma.

Að öðru leyti vísast til ályktunar stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, frá 25. febrúar 1982, sem birt er hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 3. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal.

Ályktun stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði.

Samþykkt á fundi 25. febr. 1984.

Stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku telur að ríkið hefði ekki átt að selja Lagmetisiðjuna Sigló-síld á Siglufirði. Stjórnin telur eðlilegt að ríkið eigi og reki ýmis fyrirtæki í landinu og

bendir t. d. á Síldarverksmiðjur ríkisins í því sambandi og að almennt sé viðurkennt að rekstur þess fyrirtækis sé síst síðri en annar rekstur á sama sviði í einkaeign.

Einnig vill stjórnin benda á í þessu sambandi að Lagmetisiðjan Sigló-síld hafði samkvæmt þeim lögum, sem um rekstur hennar giltu, þýðingarmiklu hlutverki að gegna í íslenskum lagmetisiðnaði og, enda þótt deila megi um það á hvern hátt það hlutverk hefur verið rækt fram til þessa, er ljóst að eftir að verksmiðjan er seld einkaaðilum er ekki um það hlutverk að ræða.

Sala fyrirtækisins á s. l. ári var að áliti stjórnar Vöku röng ákvörðun og fljótfernisleg. Fyrirtækið var þá í leigu hjá Þormóði ramma hf. og hafði samrekstur þessara tveggja fyrirtækja reynst vel og styrkt rekstur þeirra beggja, og töldu flestir, sem til þekkja, að þessi samrekstur mundi verða til styrktar atvinnulífi í Siglufirði.

Við þessar aðstæður mæltu engin rök með sölu fyrirtækisins til einkaaðila og hefði sú ákvörðun verið mun skynsamlegri þá að halda samrekstri þessara tveggja fyrirtækja áfram.

Eftir að ákvörðun um sölu var tekin telur stjórn Vöku að öðruvísi hefði átt að standa að sjálfri sölunni. Við teljum að tryggja hefði mátt fulla eignaraðild að fyrirtækinu á Siglufirði í stað þess að selja 50% til aðila utan Siglufjarðar. Þá verður söluverð og kaupskilmálar að teljast hæpin, svo ekki sé meira sagt. Eins og málum er nú komið telur stjórn Vöku að brýnast sé að Sigló hf. verði áfram tryggður eðlilegur hlutur í gaffalbitaframleiðslunni og að verksmiðjan geti haldið uppi sem mestri atvinnu og framleiðslu.

Siglufirði 27. febr. 1984.

F. h. Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði,
Kolbeinn Friðbjarnarson.